



# FLE fréttir

21. maí 2025

## Fréttabréf Félags löggiltra endurskoðenda

Nr. 3 / 2025



Kæru félagsmenn,

Það kennir ýmissa grasa í þessu þriðja fréttabréfi ársins þar sem við segjum ykkur meðal annars frá stefnu og markmiðum félagsins til næstu ára, ráðningu Margretar G. Flóvenz í hlutastarf hjá FLE, námskeiðum og öðrum viðburðum hjá félaginu og umsóknum í meistaranám í reikningsskilum og endurskoðun sem hefur fjölgað verulega milli ára.

Næsti viðburður hjá félaginu verður núna á föstudaginn þegar við höldum okkar árlega endurskoðunardag. Hér er hægt að skoða dagskrá [endurskoðunardags](#) og skrá sig til leiks [hér](#).

Við hvetjum ykkur til að fylgja okkur á samfélagsmiðlum fyrir fréttir og fróðleik. Sjá [Facebook](#), [LinkedIn](#) og [Instagram](#).

Bestu kveðjur,

Unnar og Sirrý

### Margret G. Flóvenz ráðin í hlutastarf hjá félaginu

Margret G. Flóvenz hefur verið ráðin í 20% starf hjá félaginu og hóf hún störf í byrjun þessa mánaðar.

Verkefni Margretar fyrir FLE munu einkum felast í greinaskrifum, námskeiðshaldi, greiningu og miðlun faglegs efnis, gerð ýmis konar fyrirmynda, ritun umsagna og ábendinga varðandi setningu laga og reglna og fleiru er snertir endurskoðun.

Margret er kennari við Háskólann í Reykjavík þar sem hún kennir endurskoðun og kemur að umsjón með meistaranámi í reikningsskilum og endurskoðun auk þess að sitja í [prófnefnd til löggildingar til endurskoðunarstarfa](#). Hún er einnig sjálfstætt starfandi ráðgjafi. Margret lauk löggildingarprófum árið 1993. Hún starfaði sem endurskoðandi og var meðeigandi hjá KPMG í 20 ár og þar áður hjá Ernst & Young um 10 ára skeið.

### Aukin aðsókn í meistaranám í reikningsskilum og endurskoðun

Nýlega lauk umsóknarfresti fyrir meistaranám í reikningsskilum og endurskoðun fyrir næsta haust. Það er ánægjulegt að segja frá því að [mikil aukning hefur orðið milli ára í umsóknum](#), bæði í Háskóla Íslands og Háskólanum í Rvík. Verið er að vinna úr umsóknum og því ekki ljóst á þessari stundu hversu margir nemendur munu hefja nám í haust en að öllum líkindum verða þeir töluvert fleiri en undanfarin ár.

### Endurskoðunardagur FLE 2025

Árlegur endurskoðunardagur verður haldinn föstudaginn 23. maí. Líkt og áður verður hann á Grand hótél en jafnframt verður boðið upp á streymi. [Hér](#) er hægt að skoða dagskrána og hér að [skrá sig á ráðstefnuna](#).

### Kynning á skýrslu verðbréfaeftirlits Evrópu

Ársreikningaskrá Skattsins verður með [kynningarfund](#) á morgun, 22. maí kl. 9:15 þar sem fjallað verður um niðurstöður eftirlitsaðila á evrópska efnahagssvæðinu með reikningsskilum útgefenda. Auk þess að farið verður yfir eftirlit á Íslandi. Nánari upplýsingar og skráningarform er að finna [hér](#).

### Stefna og markmið FLE

Félagið vann ítarlega stefnumótun fyrir árin 2024 til 2026. Samantekt á henni má finna [hér](#).

### Skil á ársreikningum

Þann 29. apríl barst félaginu tölvupóstur frá ársreikningaskrá um skil ársreikninga og stjórnvaldssektir og var pósturinn áframsendur á félagsmenn samdægurs, sjá nánar í þessari [frétt](#) á heimasíðu félagsins.

Í síðasta [fréttabréfi](#) var fjallað um skil atvinnumanna á skattframtölum viðskiptamanna. [Hér](#) er hægt að nálgast frétt um það sem og [bréf](#) frá Skattinum.

### Fyrsta fréttabréf FLE

Nýlega fengum við á skrifstofunni sent til okkar [fyrsta fréttabréf FLE](#) en það var gefið út í janúar 1978. Þar er að finna ýmsan skemmtilegan fróðleik um félagsstarf, störf nefnda, lagafrumvörp og fleira. Jafnframt segir þar frá kynningu sem félagsmenn fengu um hvernig megi nota mikrofílm við tölvuútskriftir í stað pappírs.

### Hagsmunagæsla

#### Fundir með Skattinum

Fulltrúar FLE og Skattsins eru með sameiginlegan vinnuhóp sem fundar tvisvar á ári til að ræða ýmis mál er snúa að skattskilum, skattframkvæmd og fleiru. Síðasti fundur var í mars og má lesa nánar um hann [hér](#).

#### Áritun ríkisendurskoðanda

Eins og fjallað hefur verið um áður, t.d. í þessari [frétt](#) á heimasíðu félagsins, þá fór FLE í febrúar síðastliðnum þess á leit við ársreikningaskrá ríkisskattstjóra að hún endurupptaki ákvörðun sína um skráningu samstæðureiknings Isavia ohf. og dótturfélaga vegna reikningsársins 2023 og breyti ákvörðun sinni á þann veg að hafnað verði að skrá samstæðureikninginn í ársreikningaskrá en sem kunnugt er hóf ríkisendurskoðandi, sem er ekki löggiltur endurskoðandi, á síðasta ári að árita einn ársreikninga félaga í meirihlutaeigu ríkisins sem falla undir lög um ársreikninga og eru endurskoðunarskyld. Erindi FLE var loks svarað þann 28. apríl og var beiðni félagsins hafnað en í bréfinu segir: „[...] er það niðurstaða ársreikningaskrár að vísa beri málinu frá sökum skorts á aðild og án þess að tekin sé efnisleg ákvörðun í málinu varðandi það hvort skilyrði fyrr endurupptöku séu til staðar.“

Þess má geta að nú hefur ársreikningur Isavia ohf. fyrir árið 2024 verið færður á skrá og er áritun á hann með sama hætti og á fyrra ári, þ.e. þar er einungis að finna áritun ríkisendurskoðanda. Þann 20. maí sendi FLE Atvinnuvegaráðuneytinu bréf þar sem farið var á leit við ráðuneytið að það ógilti þá ákvörðun ársreikningaskrár að færa ársreikning og samstæðuársreikning Isavia ohf. fyrir árið 2024 á skrá og til opinberrar birtingar og taka erindi FLE til efnislegrar meðferðar. Loks má geta þess að í apríl ákvað félagið að senda eftirlitsstofnun EFTA (ESA) formlega beiðni um að taka þetta mál fyrir enda varðar það innleiðingu á tilskipunum Evrópusambandsins í íslenskan rétt.

### Niðurstöður rannsóknar um hvernig megi laða að fleira fólk í endurskoðun

Eins og félagsmenn margir vita gerði námsstyrkja- og rannsóknarsjóður FLE [samning](#) við Valdimar Sigurðsson á síðasta ári. Valdimar er doktor í markaðsfræðum og prófessor við Háskólann í Reykjavík. Rannsókn hans sneri af því að skoða hvernig laða megi að ungt fólk til endurskoðunarstarfa, hvernig best sé að halda í hæfileikaríkt fagfólk í stéttinni og loks hvernig við kynnum störf endurskoðenda fyrir almenningi og stuðlum að jákvæðri ímynd starfsins og félagsins. Valdimar mun síðar á þessu ári kynna niðurstöðurnar á vettvangi félagsins, líklega á haustráðstefnu FLE sem verður haldin í byrjun nóvember.

### Félagslíf

#### Tiltektar- og viðhaldsdagur í Reykjadal

Líkt og í fyrra stóð FLE nú í maí fyrir tiltektar- og viðhaldsdegi í Reykjadal en þar eru reknar sumarbúðir fyrir fötluð börn og ungmenni. Fjölmenn var í sumarbúðunum í Reykjadal þegar tæplega fjórtíu

endurskoðendur og starfsmenn endurskoðunarstofa mættu með FLE og gerðu tilbúið fyrir opnun þeirra. Veðrið lék við okkur þennan dag og gátum við unnið utandyra og gert útsvæðið fallett og öruggt fyrir börnin, en fyrsti hópurinn mætir í lok maí. Í hádeginu mætti Hamborgarabúllan með grillið og var hádegisverðurinn snæddur úti í góða veðrinu. Sjá nánar [hér](#).

Einnig voru settar inn myndir og myndband frá deginum á samfélagsmiðlum FLE. Við hvetjum ykkur til að fylgja okkur á [Facebook](#), [LinkedIn](#) og [Instagram](#).

### **Bíóferðir - The Accountant II**

Á dögunum bauð FLE félagsmönnum og háskólanemum í bíó, sjá nánar [hér](#).

## **Námskeið um hlutdeildaraðferð og samstæðureikningsskil**

Þann 5. maí héldu endurskoðendurnir Sæmundur Valdimarsson og Árni Claessen afar gagnlegt og gott námskeið um hlutdeildaraðferð og samstæðureikningsskil. Námskeiðið var haldið á Teams. Glærur og dæmi frá námskeiðinu er að finna [hér](#).

## **Námskeið um gervigreind og sjálfvirknivæðingu**

Mikið er fjallað um gervigreind þessa dagana. Í apríl fengum við Dr. Joachim Elmegaard til að halda námskeið á Teams um sjálfvirknivæðingu og notkun gervigreindar í reikningsskilum og endurskoðun. Glærur frá námskeiðinu má nálgast [hér](#).

## **Námskeið um virðisaukaskatt í viðskiptum milli landa**

Í mars kíkti Páll Jóhannesson í heimsókn til okkar og hélt fróðlegt og gott námskeið á Teams um virðisaukaskatt í alþjóðaviðskiptum. Sérstök áhersla var á þær lagabreytingar sem orðið hafa á síðustu árum og áhrif þeirra, þau álitaefni kunna enn að vera fyrir hendi og hvernig skattframkvæmd hefur þróast. Glærur Páls má nálgast [hér](#).

## **Endurbættur ISA 570 staðall um rekstrarhæfi**

Í apríl gaf [Alþjóðlega staðlaráðið](#) (IAASB) út endurbættan staðal ISA 570 um rekstrarhæfi: *ISA 570 (Revised 2024), Going Concern. Hann gildir við endurskoðun ársreikninga fyrir reikningsár sem hefjast 15. desember 2026 eða síðar*. Fjallað er um málið í þessari [frétt](#) á heimasíðu FLE. Staðalinn má nálgast [hér](#).

## **Glærur af námskeiðum og ráðstefnum**

### ***Glærur af Teams-námskeiðum:***

[Hlutdeildaraðferð og samstæðureikningsskil](#) – 5. maí 2025

[Notkun gervigreindar í reikningsskilum og endurskoðun](#) – 7. apríl 2025

[Virðisaukaskattur í viðskiptum milli landa](#) – 19. mars 2025

[Lánshæfismat fyrirtækja](#) – 19. des. 2024

[Fjarvinna milli landa](#) – 3. des. 2024

[Eftirlit og áherslur ársreikningaskrár](#) – 14. nóv. 2024

[Erðafjármál](#) – 17. okt. 2024

### **Ráðstefnur:**

[Skattadagur](#) – 17. janúar 2025. [Glærur](#) af skattadegi.

## **Nýlegar fréttir og greinar á heimasíðu**

### **Fréttir:**

[Tiltektardagur í Reykjadal](#)

[Aukin aðsókn í meistaranám í reikningsskilum og endurskoðun](#)

[Kynning á skýrslu verðbréfaeftirlits Evrópu um niðurstöður eftirlitsaðila](#)

[Bíóferðir í boði FLE](#)

[Margret G. Flóvenz ráðin í hlutastarf hjá félaginu](#)

[Skil á ársreikningum og stjórnvaldssektir](#)

[Endurbættur ISA 570 staðall um rekstrarhæfi](#)

[Einingar tengdar almannahagsmunum og markaðstorgið First North Iceland](#)

[Áfangainnlausn og verklokaaðferð](#)

[Krafa um endurskoðun skýrslu um grænt bókhald felld niður](#)

[Einföldun á sjálfbærniregluverki Evrópusambandsins](#)

[Framadagar í HR](#)

[Skil atvinnumannna á skattframtölum viðskiptamanna 2025](#)

[Lögræðiálit vegna áritunar ríkisendurskoðanda](#)

[Samkeppnishæfni Evrópu, regluverk og sjálfbærnireikningsskil](#)

[Frumvarp vegna sjálfbærnitilskipunar verður ekki lagt fram á vorþingi](#)

[Útvarpsviðtal í Samfélaginu á RÚV](#)

[Valdimar hlýtur rannsóknarverðlaun Háskólans í Reykjavík](#)

[Nýir löggiltir endurskoðendur 2024](#)

[Ráðstefna framkvæmdastjórnar ESB um ESRS sjálfbærnistaðlana](#)

[Áhersluatriði í eftirliti ársreikningaskrár vegna reikningsársins sem lýkur 31. desember 2024](#)

## FLE fréttir, 21. maí 2025

Bls. 6

---

[Kynning á áhersluatriðum ársreikningaskrár og Verðbréfaeftirlits Evrópu](#)

[Eftirlit og áherslur ársreikningaskrár, námskeið hjá FLE](#)

[Unga fólkið og endurskoðun](#)

### **Greinar:**

[Birgðatalningar og endurskoðun](#)

[Endurskoðun sjálfbærniupplýsinga](#)

[20 ára afmæli – Félag kvenna í endurskoðun \(FKE\)](#)

## Eldri fréttabréf

Eldri fréttabréf FLE er að finna [hér](#).

---